

## - Fyrsta tilkynning um ráðstefnu -

# Breytingar á vímuefnaneyslu íslenskra unglinga: Hvað veldur?

Akureyri, föstudaginn 28. apríl 2006

### Efni ráðstefnunnar

Rannsóknir hafa sýnt að neysla grunnskólanema á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum hefur farið jafnt og þétt minnkandi á undanförunum árum. Þessi breyting hefur verið talin vitnisburður um öflugt forvarnarstarf en lítið er þó vitað um raunveruleg áhrif einstakra þátta. Á sama tíma virðist vímuefnaneysla hafa aukist meðal framhaldsskólanema og fréttir berast frá lögreglu og meðferðarstofnunum um aukna og harðari vímuefnaneyslu í þjóðfélaginu almennt. Á ráðstefnunni verður leitað skýringa á þessu misræmi og áhrif þess á framtíðarstefnu í forvarnarstarfi rædd. Ráðstefnunni er ætlað að meta stöðu þekkingar á sviðinu og vera vettvangur fyrir samræður rannsóknarmanna og forvarnarfólks um orsakir breytinga á vímuefnaneyslu unglinga. Endanleg dagskrá mun liggja fyrir 1. apríl 2006.

### Þátttaka og erindi

Ráðstefnan er opin öllu fag- og áhugafólki um vímuefnaneyslu ungmenna. Skráningu þátttöku lýkur 14. apríl 2006. Á ráðstefnunni mun sérfræðingum á sviði rannsókna, meðferðar eða forvarnarstarfs gefast kostur á að flytja erindi um stöðu þekkingar á sérsviðum sínum. Útdrættir vegna erinda skulu sendir skipuleggjendum ráðstefnunnar í síðasta lagi 27. mars 2006. Meðal efnissviða sem koma til greina eru greining á breytingum yfir tíma, forspárþættir vímuefnaneyslu, lífshlaup einstaklinga, meðferð ungra vímuefnaneytenda og reynsla af forvarnarstarfi. Önnur viðfangsefni verða einnig tekin til álita.

### Tímasetningar og skráning

- Ráðstefnan verður haldin **föstudaginn 28. apríl 2006, kl. 10:00-17:30**
- Þátttakendur skulu skrá sig með tölvupósti til [jsj@unak.is](mailto:jsj@unak.is) í síðasta lagi **14. apríl 2006**.
- Þeir sem áhuga hafa á því að flytja erindi á ráðstefnunni skulu senda útdrátt (u.þ.b. 150 orð) í tölvupósti til [jsj@unak.is](mailto:jsj@unak.is) í síðasta lagi **27. mars 2006**.

### Kostnaður

Þátttaka í ráðstefnunni er í boði aðstandenda hennar. Ekkert ráðstefnugjald verður því tekið af þátttakendum. Gert er ráð fyrir því að vinnuveitendur greiði ferðakostnað þátttakenda. Þó verða athugaðir möguleikar á aðstoð við einstaklinga sem eiga langt að sækja og geta ekki fengið ferðakostnað greiddan á vinnustað.

### Aðstandendur ráðstefnunnar

Ráðstefnan er skipulögð í samstarfi Akureyrarbæjar, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Heilbrigðisvísindastofnunar HA, Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Nánari upplýsingar veitir starfsmaður ráðstefnunnar, Jón Smári Jónsson, [jsj@unak.is](mailto:jsj@unak.is).